

**Efni: Grenndarkynning**

Hjördís Rut Jónsdóttir f.h. Makka ehf. hefur sótt um leyfi til að stækka bílskúr við Sunnubraut 5 og breyta jafnframt notkun í eina íbúð.

Málið var tekið til afgreiðslu á 9. fundi skipulags- og umhverfisráðs þar sem eftirfarandi bókun var gerð:

**Sunnubraut 5 – Umsókn um byggingarleyfi.**

Hjördís Rut Jónsdóttir f.h. Makka ehf. óskar eftir leyfi til að stækka bílskúr við Sunnubraut 5 og breyta jafnframt notkun í eina íbúð, í samræmi við framlögð gögn.

*Skipulags- og umhverfisráð felur skipulags- og byggingarfulltrúa að afla ítarlegri gagna og setja málið í grenndarkynningu skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Grenndarkynningargögn liggja nú fyrir hjá skipulagsfulltrúa Mýrdalshrepps, Austurvegi 17 og inni á vik.is undir þjónusta/skipulags- og byggingamál/skipulag í kynningu, mál nr. 2302003 – Sunnubraut 5 – grenndarkynning og inni á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is mál nr. 1408/2024.

Þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag á svæðinu er erindið grenndarkynnt fyrir nágrönnum sem að taldir eru geta átt hagsmuna að gæta og þeim gefinn kostur á að tjá sig innan tilskilins frests sbr. 44. gr. skipulagslaga.

Hér með er gefinn fjögurra vikna frestur til að gera athugasemdir við framkvæmdina frá dagsetningu þessa bréfs eða til 20. desember 2024.

Skriflegum athugasemdum, ef einhverjar eru, skal komið á framfæri inni á Skipulagsgáttinni eða skal senda í tölvupósti á [skipulag@vik.is](mailto:skipulag@vik.is) eða til skrifstofu Mýrdalshrepps, Austurvegi 17.

Vakin er athygli á því að athugasemdir teljast til opinberra gagna í allri skipulagsmeðferð og geta meðal annars nöfn þeirra sem senda inn athugasemdir birst í fundargerðum nefnda sveitarfélagsins. Berist ekki athugasemd fyrir tilskilinn frest er litið svo á að erindið sé samþykkt af þinni hálfu.







Virðingarfyllst,

George Frumuselu

Skipulagsfulltrúi Mýrdalshrepps

Vík, 21. nóvember 2024





Sunnubraut 5	M²(brúttó)	M²(brúttó)
01 0101 íbúð	157,7 m²	- m³
02 0101 íbúð	57,1 m²	168,1 m³
Botnplata	57,1 m²	11,4 m³
Heildar stærð: (sjá skráningartöflu)	57,1 m²	179,5 m³
Flatarmál lóðar samtals	775 m²	
Nýtingahlutfall	0,28	
Bílastæði	2	

**Skýringar.**

- ←-- Útgangur
- ← Rýmingarleið
- [R] Reykskynjari
- LR Loftræsting
- VLR Vélræn loftræsting
- HS Handslökkvitæki
- GN Niðurfall
- GSN Gegnumstreymisniðurfall
- BO Björgunarop
- HO Handklæðaofn
- HL Hleðslustöð rafbíla
- K: 00,00 Kóti
- Inntök/tæknir. Inntök fyrir hitaveitu, vatnsveitu, rafmagn og síma
- ÖG Öryggisgler
- ÚN Útiníðurfall
- ÚK Útikrani
- R Rotþró/hreinsivirki
- FS Fellistigi
- REI / EI Brunamótstaða veggja / hurða
- - - Byggingareitur
- Bindandi byggingarlína
- Lóðarmörk

Tákn eiga ekki endilega við þessa teikningu

Öll mál eru í millimetrum, nema annað sé tekið fram.

Nr.	Breyting	Dagsetning	Yfirfarið

VERKHEITI: Sunnubraut 5 870, Vík	TEIKNINÚMÉR: 100
-------------------------------------	------------------

VERKHLUTI: Aðaluppdrættir Útlit, grunnmynd og snið	ÚTGÁFA: A1
---	------------

Teiknað: Ólafur Tage Bjarnason	Blaðstærð: A2
--------------------------------	---------------

Hönnuður: Bent Larsen Fróðason kt.141177-3469	Samþykkt: Bent Larsen	Dagsetning: 08.08.24
---	-----------------------	----------------------

Hönnunarstjóri: Bent Larsen Fróðason kt.141177-3469	Samþykkt: Bent Larsen	Frumútgáfa: 08.08.24
---	-----------------------	----------------------

<b>LARSEN</b> HÖNNUN OG RÁÐGJÖF	Bent Larsen Fróðason Byggingafræðingur B.Sc Sími 844-7699 tölvupóstur: bent@larsenhr.is	VERKNR: 24-071 MKV: 1:100
------------------------------------	--	------------------------------

Sannreyna skal öll mál á staðum